

# STRÖNDUNGUR

20. ágúst 2013 ★ 2. tbl. 1. árg.



## Sundlaugin

Opnun sundlaugarinnar á Svalbarðseyri var aukin í júlí og er breyttur opnunartími sem hér segir:

Priðjudaga	15-20	Föstudaga	15-19
Miðvikudaga	15-20	Laugardaga	10-16
Fimmtudaga	15-19		

Sundlaugin verður opin út ágúst.

---

## Næstu rusladagar:

22. ágúst - **Almennt sorp**

5. september - **Almennt sorp**

12. september - **Endurvinnsla**

Villa fannst í sorphirðudagatalinu sem sent var íbúum í byrjun júlí. Villan hefur verið leiðrétt í vefútgáfunni og nýtt dagatal verður sent íbúum innan skamms.

---

## Starf við heimaþjónustu

Svalbarðsstrandarhreppur óskar eftir að ráða starfsmann/starfsmenn til að sinna heimaþjónustu á heimilum tveggja eldri borgara, alls 10 klst. á mánuði (2 x 2½ klst. á hvorum stað).

Viðkomandi þarf/þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Einingar-Iðju. Umsóknnum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins í Ráðhúsinu eða í tölvupósti á netfangið [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is).

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps og í síma 462-4320.

---

## Æskudagurinn 2013

Íþróttadagur Æskunnar verður haldinn með hefðbundnu sniði laugardaginn 31. ágúst og hefst klukkan 11 á íþróttavellinum Svalbarðseyri. Skráning kl. 10:30-11:00.

Hlökkum til að sjá ykkur :)

Stjórn Æskunnar

## Valsárskóli

Valsárskóli verður settur föstudaginn 23. ágúst klukkan 16:00 í matsal skólans. Að lokinni skólasetningu fara nemendur með foreldrum sínum í sínar heimastofur þar sem stundatöflur eru afhentar og spurningum foreldra og nemenda svarað.

Foreldrar og nemendur 8.-10. bekkjar verða með kaffisölu á staðnum, allur ágóði rennur í ferðasjóð nemenda.

### Frá skólastjóra Valsárskóla

Ég heiti Inga Sigrún Atladóttir og er nýráðinn skólastjóri Valsárskóla. Foreldrar mínir heita Atli Viðar Jóhannesson og Benna Stefanía Rósantsdóttir, faðir minn er fæddur og uppalinn á Akureyri en móðir mín er frá Ási á Pelamörk. Sjálf er ég fædd á Akureyri en flutti með foreldrum mínum á Eskifjörð þegar ég var tveggja ára gömul. Ég er menntaður kennari og guðfræðingur og lauk meistaranámi í stjórnun í janúar á þessu ári. Ég hef starfað innan grunnskólans í 12 ár fyrst sem kennari í Suðurhlíðarskóla í Reykjavík og síðustu ár sem deildarstjóri við Stóru-Vogaskóla í Vogum. Ég hef alla tíð tekið mikinn þátt í félagsstarfi, hef starfað mikið með þjóðkirkjunni og ungmennahreyfingunni auk þess sem ég hef setið í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Voga í 7 ár, þar af oddviti sveitarstjórnar í 3 ár. Ég hlakka mikið til að starfa með samfélaginu hér á Svalbarðs- strönd og mun leggja mig alla fram til þess að efla og styrkja skólastarfið í Valsárskóla.



Með von um gott samstarf.

Inga Sigrún Atladóttir, skólastjóri Valsárskóla.

## Álfaborg

Leikskólinn Álfaborg hefur opnað aftur eftir fínt sumarfrí. Miklir fagnaðarfundir urðu þegar vinir hittust aftur eftir alltof langar fjarvistir, að mati sumra. Nú þegar krummarnir okkar eru að undirbúa sig fyrir grunnskólann erum við að undirbúa okkur fyrir aðlögun nýrra barna. Pennan vetur stefnir í að börnin í Álfaborg verði 23 talsins eða örlítið færri en síðasta vetur. Íris Baldvinsdóttir, sem hefur unnið hjá okkur undanfarin ár, er komin í fæðingarorlof og í fyrsta skipti í sögu leikskólans hefur karlmaður verið ráðinn til starfa en það er Gísli Arnarsson. Framundan hjá okkur er berjaferð og ýmsar stuttar ferðir um nágrennið þar sem við nýtum og njótum náttúrunnar á meðan hiti er úti og sólin skín. Í september fer svo leikskólastafið í fastari skorður með hópastarfi, útskóla og íþróttatímum í Valsárskóla svo eitthvað sé nefnt. Það lítur út fyrir skemmtilegan og spennumandi vetur í Álfaborg.



# Tónlistarskóli Svalbarðsstrandar

Innritun nýnema fyrir skólaárið 2013-2014 verður fimmtudaginn 22. ágúst og föstudaginn 23. ágúst frá kl. 15-18 í Tónlistarskólanum, gengið inn í Valsárskóla að sunnan.



Kennsla hefst í einkatímum skv. stundaskrá þriðjudaginn 27. ágúst.

Heitt á könnunni og allir velkomnir að líta við.

## Réttir

Fjárgöngur verða laugardaginn 7. september. Réttað er á þremur stöðum eins og áður; Dálksstaðarétt, Túnsbergarétt og Geldingsarétt.

## Strætó

Hér er samantekt á ferðum Strætó um Svalbarðsströnd úr tímatöflu fyrir leiðir nr. 56 og 79. Hver afleggjari er stoppistöð, til að stöðva bílinn gildir að veifa.

### Til Akureyrar

	mán - fös					
Fnjóskárbrú	7:21	12:10	14:59	15:15	17:16	20:28
Verkmenntaskóli	7:49					
Pórunnarstræti/FSA	7:51					
Borgarbraut/Háskóli	7:54					
Akureyri - Hof	7:57	12:40	15:25	15:45	17:42	20:54

	lau		sun og helgidaga			
Fnjóskárbrú	12:10	15:15	8:31	12:10	15:15	18:16
Akureyri - Hof	12:40	15:45	8:57	12:40	15:45	18:42

### Frá Akureyri

	mán - fös					
Akureyri - Hof	8:00	8:27	12:36	15:15	18:12	21:00
Svalbarðseyri		8:40	12:49		18:25	21:13

	lau		sun og helgidaga			
Akureyri - Hof	8:00	15:15	8:00	9:27	15:15	19:27
Svalbarðseyri				9:40		19:40

Breytingar á akstri á landsbyggðinni munu verða þann 15. september. Breytingar verða birtar í næsta Ströndungi, ef einhverjar verða á þessum leiðum. Þeir sem ferðast reglulega með Strætó á landsbyggðinni geta skráð sig í sms hópa sem eiga við tiltekna leið og fengið upplýsingar um breytingar á ferðum.

Kynnið ykkur ferðir Strætó nánar á [www.straeto.is](http://www.straeto.is).

## Kirkjan

Fyrsti sunnudagaskóli vetrarins í Svalbarðskirkju verður sunnudaginn 15. september kl. 11.00. Sjáumst í sunnudagaskólanum í vetur.

Sóknarprestur

---

## Kvennablað

Erum að byrja aftur eftir sumarfrí í kvennablaði og viljum bjóða nýja meðlimi úr hreppnum velkomna. Æfingar verða tvisvar í viku í Valsárskóla, önnur með hjálfara. Tímasetning æfinga er ekki alveg komin á hreint en við munum setja það inn á facebooksíðu hreppsins þegar það er orðið ljóst. Við viljum bjóða áhugasömum að mæta í tvo prufutíma í september. Svala Einarisdóttir svarar öllum frekari fyrirspurnum; 691-0176 / svalae@akmennt.is.



---

## Kannast þú við köttinn?

Þessi stóri og gæfi högni (ekki læða eins og missagt var í auglýsingu í Dagskránni) var handsamaður í Vaðlareitnum fyrr í sumar. Hann er ekki örmerktur og eyrnamerkið er ekki læsilegt. Því hefur ekki tekist að finna eiganda hans. Kötturinn er brúnn að lit með svarta rönd á baki og rófu. Eigandi hans er beðinn að hafa samband við skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í síma 462-4320.



---

## Litið um öxl

Þessi frétt birtist haustið 1960:

### *25-föld uppskera*

*Kartöfluspretta hér á Norðurlandi hefir verið með eindæmum góð á þessu sumri, enda komu næturfrost nú með seinna móti. Í Höldahverfi er gert ráð fyrir 8 þús. tunna uppskeru en 8.5-9 þús. tunna á Svalbarðsströnd. - Dæmi eru til, að uppskera sé 25-föld.*

*Margir bændur í þessum byggðarlögum eru að koma sér upp kartöflu-geymslum í haust, en þeir búast við, að KEA og Kaupfélag Svalbarðsstrandar geti tekið um þriðjung uppskerunnar til geymslu.*

Íslendingur, 7. október 1960, 46. árg., 36. tbl., bls. 1.

[www.timarit.is](http://www.timarit.is)

---

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 17. september.